

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
124. fundur –1. apríl 2008

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 1. apríl 2008, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Gestur Pétursson boðaði forföll.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1 Fundargerð 123. fundar heilbrigðisnefndar frá 18. febrúar 2008

Samþykkt

2 Fundargerð 108. starfsmannafundar frá 26. mars 2008

2.1 Starfsleyfi

Garðabær

2.1.1 Ásgarður 3, Garðabær - niðurrif á húsnæði.

Lögð fram umsókn Gústafs Jónssonar, f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 11.03.2008, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á húsi að Ásgarði 3, Garðabæ.

Tímabundin starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 11.03.2008.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar staðfest samþykkt starfsleyfis. Leyfið gildir frá 11.03.2008 til 31.03.2008

2.1.2 Miðhraun 14, Garðabær - starfsmannabústaðir.

Lögð fram að nýju umsókn Gunnars Haraldssonar, f.h. Bílakots ehf., kt. 500688-1069, dags. 13.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs starfsmannabústaðar, að Miðhrauni 14, Garðabæ. Húshluti: sjá meðfylgjandi teikningu og bréf frá 7. mars 2008. Ný starfsemi.

Fyrir liggur svar frá byggingafultrúa dags. 25.02.2008 um að rekstur starfsmannabústaðar á lóð Miðhrauns 14, er ekki leyfður.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Í 14. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 er kveðið á um að starfsmannabústaðir skuli hafa hlotið samþykkt byggingarnefndar. Fyrir liggur að slíkt samþykki liggur ekki fyrir og er umsókninni synjað.”

2.1.3 Setberg, Garðabær - golfvöllur.

Lögð fram umsókn Hjartar Vigfússonar, f.h. Golfklúbbs Oddfellow, kt. 530593-2319, dags. 18.03.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs golfvallar að Setbergi, Garðabæ.

Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.4 Suðurhraun 2a, Garðabær - járn-, ál- og stálsmiðja. KG

Lögð fram umsókn Dagnýjar H. Gunnarsdóttur, f.h. Öryggisgirðinga ehf., kt. 450503-3390, dags. 04.03.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs járn-, ál- og stálsmiðju að Suðurhrauni 2a, Garðabæ. Húshluti, 010102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.5 Urriðavöllur, Garðabær - golfvöllur.

Lögð fram umsókn Hjartar Vigfússonar, f.h. Golfklúbbs Oddfellow, kt. 530593-2319, dags. 18.03.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs golfvallar ásamt viðgerðaraðstöðu að Urriðavöllum, Garðabæ. Húshluti, allt húsið. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

Hafnarfjörður

2.1.6 Álfaskeið 16, Hafnarfjörður - leikskóli með fullbúið eldhús.

Lögð fram umsókn Lilju K. Steinþórsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar, kt. 590169-7579, dags. 15.11.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi að Álfaskeiði 16, Hafnarfirði. Húshluti, allt húsið. Endurnýjun. Tímabundins starfsleyfi samþykkt til 6 mánaða meðan unnið er að úrbótum vegna leka og lagfæringar framkvæmdar vegna rakaskemmda.

2.1.7 Dalshraun 1, Hafnarfjörður - líkamsræktarstöð.

Lögð fram umsókn Björn K. Leifsson, f.h. Þreks ehf. kt. 620785-0169, dags. 12.03.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs líkamsræktarstöðvar að Dalshrauni 1, Hafnarfirði. Húshluti, hluti jarðhæðar. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða, að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.8 Hverfisgata 29, Hafnarfjörður - niðurrif á húsnæði.

Lögð fram umsókn Jónasar Stefánssonar, f.h. Byggingafélagsins X ehf., kt. 580702-2360, dags. 13.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á húsi að Herfisgötu 29, Hafnarfirði. Tímabundin starfsemi. Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 07.03.2008. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar staðfest samþykkt starfsleyfis. Leyfið gildir frá 06.03.2008 til 01.05.2008.

2.1.9 Lónsbraut 66, Hafnarfjörður - niðurrif á húsnæði.

Lögð fram umsókn Garðars Smára Vestfjörð, f.h. Byggingafélagsins Ögurs ehf., kt. 520995-2429, dags. 21.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á húsi að Lónsbraut 66, Hafnarfirði. Tímabundin starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar staðfest samþykkt starfsleyfis. Leyfið gildir frá 22.02.2008 til 15.03.2008.

2.1.10 Miðvangur 41, Hafnarfjörður - sólbaðsstofa.

Lögð fram umsókn Jóns H. Hallgrímssonar, f.h. Einkasólar ehf. kt. 440308-1120, dags. 21.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sólbaðstofu að Miðvangi 41, Hafnarfirði. Húshluti, 010103. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.11 Rauðhella 1, Hafnarfjörður - prentiðnaður.

Lögð fram umsókn Gunnars Einarssonar, kt. 101066-4019, dags. 04.03.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentiðnaðar að Rauðhelli 1, Hafnarfirði. Húshluti, 0105. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, og með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.12 Skútuhraun 9 Hafnarfjörður - hjólbarðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Harðar Þráinssonar, f.h. Hjólbarðapjónustu Hafnarfjarðar, kt. 551007-1380, dags. 12.03.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hjólbarðaverkstæðis að Skútuhrauni 9, Hafnarfirði. Húshluti, 010101. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára og með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.13 Stakkahraun 1, Hafnarfjörður - byggingavöruverslun.

Lögð fram umsókn Steingríms Ármannssonar, f.h. Sigyn ehf. kt. 650105-0520, dags. 27.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs byggingavöruverslunar að Stakkahrauni 1, Hafnarfirði. Húshluti, allt húsið. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.14 Strandgata 34, Hafnarfjörður - matsölustaður.

Lögð fram umsókn Hjördísar Ásberg, f.h. Maður Lifandi ehf., kt. 660504-2650, dags. 21.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matsölustaðar að Strandgötu 34, Hafnarfirði. Húshluti, 010101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða, að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.15 Strandgata 75, Hafnarfjörður - bifreiða- og vélaverkstæði.

Lögð fram umsókn Sigurðar Jóelssonar, f.h. Bílaraf ehf., kt. 590602-2720, dags. 12.03.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiða- og vélaverkstæðis að Strandgötu 75, Hafnarfirði. Húshluti, 010101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.16 Ölduslóð 30, Hafnarfjörður - daggæsla í heimahúsi fyrir allt að 10 börn.

Lögð fram umsókn Huldu Kristjánsdóttur, kt. 010969-5069, dags. 19.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu í heimahúsi fyrir allt að 10 börn að Ölduslóð 30, Hafnarfirði. Húshluti, neðri hæð. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

Kópavogur

2.1.17 Bláfjallavegur/Þríhnúkar, Kópavogur - rannsóknaboranir.

Lögð fram umsókn Einars K. Stefánssonar, f.h. VSÓ Ráðgjafar ehf., kt. 681272-0979, dags. 25.03.2008, þar sem sótt er um leyfi til rannsóknaborana í Þríhnúkum, Bláfjöllum, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar staðfest samþykkt starfsleyfis. Leyfið gildir frá 26.03.2008 til 31.03.2008.

2.1.18 Dalsmári 9-11, Kópavogur - líkamsræktarstöð, með heitum pottum.

Lögð fram umsókn Inga Páls Sigurðssonar, f.h. Sporthallarinnar ehf. kt. 500108-1690, dags. 17.03.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs líkamsræktarstöðvar með heitum potti, að Dalsmára 9-11, Kópavogi. Húshluti, Allt húsið. Eigendaskipti.

Lögð fram áætlun (tölvuskeyti) rekstraraðila dags. 1. apríl 2008 um framkvæmd úrbóta.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.19 Digranesvegur 10, Kópavogur - samkomusalur.

Lögð fram umsókn Emilíu Júlíusdóttur, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 10.03.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomusalar að Digranesvegi 10, Kópavogi. Húshluti: jarðhæð. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.20 Furugrund 44, Kópavogur - niðurrif á húsnæði.

Lögð fram umsókn Hannesar Björnssonar, f.h. Hagbæjar ehf., kt. 450599-2129, dags. 15.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á húsi að Furugrund 44, Kópavogi.

Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar staðfest samþykkt starfsleyfis. Leyfið gildir frá 19.02.2008 til 30.03.2008.

2.1.21 Engihjalli 8, Kópavogur - matvöruverslun.

Lögð fram að nýju umsókn Rattanawadee Roopkhom, f.h. R. Ratn ehf, kt. 521005-0410, dags. 08.03.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar án vinnslu að Engihjalla 8, Kópavogi. Ný starfsemi.

Fyrir liggur bréf frá heilbrigðiseftirliti, dags. 05.03.2008 um að umsókn verði vísað frá nema umsækjandi hafi samband við heilbrigðiseftirlitið fyrir 25. mars n.k og óski eftir úttekt á aðstæðum.

Umsókninni vísað frá.

2.1.22 Hjallabrekka 1, Kópavogur - járn- ál- og stálsmiðja.

Lögð fram umsókn Heiðars Bergmanns, f.h. Vélsmiðju Heiðars ehf., kt. 601164-0199, dags. 25.03.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs járn- ál- og stálsmiðju að Hjallabrekku 1, Kópavogi. Húshluti, 010102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.23 Hamraborg 14, Kópavogur - fiskbúð.

Lögð fram umsókn Hauks Víðissonar, f.h. Fiskisögu ehf., kt. 560301-2270, dags. 28.02.2008 þar sem sótt er um leyfi til að yfirtaka starfsleyfi Nordic Partner, kt. 640904-2830 að Hamraborg 14, Kópavogi. Húshluti, jarðhæð. Endurskoðun starfsleyfis.

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.24 Hlíðarsmári 2, Kópavogi - snyrtistofa.

Lögð fram umsókn Stellu Sigurbjörnsdóttur, kt. 170676-6029, dags. 20.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Hlíðarsmára 2, Kópavogi. Húshluti: 010103.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.25 Hlíðarsmári 13, Kópavogi - snyrtivörusala.

Lögð fram umsókn Grímu E. Ársælsdóttur, f.h. Mandölu ehf., kt. 430102-4430, dags. 04.03.2008, þar sem sótt er um leyfi til snyrtivörusölu að Hlíðarsmára 13, Kópavogi.

Húshluti: 010103. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.26 Melaheiði 17, Kópavogi - prentiðnaður.

Lögð fram umsókn Rafns Karlssonar, f.h. Rúna – fjölföldunar ehf., kt. 680497-2499, dags. 04.03.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentiðnaðar að Melaheiði 17, Kópavogi.

Húshluti: kjallari. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára. Starfsemin fer fram í kjallara einbýlishúss þar sem fjölskylda umsækjanda býr. Verði breyting þar á getur heilbrigðisnefnd tekið leyfisveitingu til endurskoðunar.

2.1.27 Skemmuvegur 34, Kópavogur - vélaverkstæði.

Lögð fram umsókn Sigurðar Vilhjálmssonar, f.h. JS. Ljósasmiðjan ehf., kt. 491001-2750, dags. 27.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vélaverkstæðis að Skemmuvegi 34, Kópavogi. Húshluti, 010101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.28 Smáratorg 3, Kópavogi - snyrtistofa.

Lögð fram umsókn Lindu Aðalbjörnsdóttur, f.h. Ísmeyjar ehf., 511207-0610, dags. 25.03.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Smáratorgi 3, Kópavogi.

Húshluti: Norð-vestur horn, 2. hæð. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.29 Smiðjuvegur 1, Kópavogur - plastiðnaður.

Lögð fram umsókn Ragnars Jóhannssonar, f.h. Formaco ehf. kt. 411097-2349, dags. 25.03.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs plastiðnaðar að Smiðjuvegi 1, Kópavogi. Húshluti, 010104. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.30 Smiðjuvegur 14, Kópavogur - járn-, ál- og stálsmiðja.

Lögð fram umsókn Guðni F. Stefánssonar, f.h. Málmsteypu Ámunda Sig. ehf. kt. 560206-2830, dags. 27.02.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs járn-, ál- og stálsmiðju að Smiðjuvegi 14 Kópavogi. Húshluti, 0201-0202. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.31 Vesturvör 22, Kópavogi - Trésmiðja.

Lögð fram umsókn Guðbjarts Guðbjartssonar, f.h. Cego ehf kt. 690507-1020 dags.

17.03.2008, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmiðju með lökkun að Vesturvör 22, Kópavogi. Húshluti: 1. hæð húss (01 0101 og 02 0101). Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.2 Umsagnir

Garðabær

2.2.1 Setbergsland, Garðabær - veitingastaður.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 03.03.2008 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hjartar Fr. Vigfússonar um rekstrarleyfi fyrir golfskálann Setbergi, Setbergslandi, Garðabæ. Rekstraraðili er Golfklúbburinn Oddur, kt. 611293-2599.

Afgreiðslu frestað þar sem starfsleyfi samkvæmt matvælalögum liggur ekki fyrir.

2.2.2 Urriðavellir, Garðabær - veitingastaður.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 03.03.2008 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hjartar Fr. Vigfússonar um rekstrarleyfi fyrir golfskálann Urriðavelli, Urriðavatnsdölum, Garðabæ. Rekstraraðili er Golfklúbburinn Oddur, kt. 611293-2599.

Afgreiðslu frestað þar sem starfsleyfi samkvæmt matvælalögum liggur ekki fyrir.

Hafnarfjörður

2.2.3 Lækjarkinn 2, Hafnarfjörður - gistileyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 20.02.2008 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Önnu Finnsdóttur, kt. 160949-2799 um endurnýjun á gistileyfi fyrir heimagistingu að Lækjarkinn 2, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti, 27.08.2007 að veita Önnu Finnsdóttur, kt. 160949-2799, starfsleyfi fyrir heimagistingu. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um gistileyfi fyrir heimagistingu, samkvæmt I flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu leyfis fyrir heimagistingu.”

2.2.4 Reykjanesbraut, Hafnarfjörður - kaldavatnslögn milli Alcan og Golfvallar Keilis.

Lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar, dags. 20.02.2008 þar sem óskað er umsagnar á erindi Fjarhitunar fyrir hönd Alcan hf. og Golfklúbbsins Keilis, Hafnarfirði, um lagningu kaldavatnslagnar.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við legu ofangreindra lagna. Nefndin telur rétt að minna á að neysluvatni má aðeins dreifa úr vernduðu vatnsbóli.”

2.2.5 Strandgata 34, Hafnarfjörður - veitingastaður.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 28.02.2008 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hjördísar Ásberg, um rekstrarleyfi fyrir veitingastaðinn Maður lifandi sem fyrirhugað er að opna að Strandgötu 34, Hafnarfirði. Rekstraraðili er Maður lifandi kt. 660504-2650. Fyrir liggur eftirlitsskýrsla ásamt umsögn um rekstrarleyfi, dags. 06.03.2008.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti, 01.04.2008 að veita Maður Lifandi ehf. kt. 660504-2650, starfsleyfi fyrir matsöluastað. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt II flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemiinni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastað.”

2.2.6 Strandgata 75, Hafnarfirði - undanþága frá hollustuháttareglugerð.

Lagt fram erindi Umhverfisráðuneytisins dags. 07.03.2007, þar sem óskað eru umsagnar um erindi Maríu Ríkharðsdóttur, forstöðumanns Drafnarhúss, Strandgötu 75, Hafnarfirði. Í erindinu er óskað undanþágu frá hollustuháttareglugerð fyrir vikulegar heimsóknir hunda í Drafnarhús.

Jákvæð umsögn staðfest.

Kópavogur

2.2.7 Auðbrekka 25, Kópavogur - tækifærisleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 04.03.2008 þar sem óskað er umsagnar á umsókn, Háteigsskóla, kt. 671088-2639 f.h. Nemendafélags Háteigsskóla, kt. 671088-2639, um tækifærisleyfi í Lionssalnum Lundi, Auðbrekku 25, að kvöldi 12. mars n.k.

Rekstraraðili: Betri stundir ehf., kt. 580700-3220

Jákvæð umsögn staðfest

2.3 Tóbakssöluleyfi

Kópavogur

2.3.1 Dalvegur 16c, Kópavogur - matvöruverslun.

Lögð fram umsókn Gunnars Sch. Thorsteinssonar, f.h. Bara ehf., kt. 690304-3170, dags. 28.02.2008, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til tóbakssölu að Dalvegi 16c, Kópavogi. Tóbakssöluleyfi samþykkt.

2.4 Annað

2.4.1 Könnun á salmonellu og aflatoxíni.

Lögð fram skýrsla um eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga 2007 varðandi könnun á salmonellu og aflatoxíni í bökunarkorni, fræjum/fræblöndu og músli. UST-R-2007:08. Niðurstöður birtar á síðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is

3 Útgáfa starfsleyfis fyrir malbikunarstöð

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 28. febrúar 2008 þar sem tilkynnt er ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fyrir malbikunarstöð að Gullhelli 1 Hafnarfirði.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst þann 7. desember 2007 sbr. lið nr. 2.2.3 í fundargerð heilbrigðisnefndar frá 21. janúar 2008.

Frá auglýstri tillögu að starfsleyfi hefur Umhverfisstofnun rýmkað losunarmörk fyrir heildarryk. Lagt fram afrit af stjórnarsýslukæru heilbrigðiseftirlitsins til Umhverfisráðuneytis dags. 12. mars 2008 vegna þessarar breytingar og erindi Umhverfisráðuneytis dags. 19. mars 2008 þar sem stjórnarsýslukærunni er vísað frá með þeim rökum að heilbrigðiseftirlitið eigi ekki kærurétt í málinu.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að vísa málinu til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og óskar eftir að gerð verði úttekt á stöðu heilbrigðisnefndar í málum sem þessu.

4 Skipulagsmál

4.1 Hesthúsahverfi og íþróttaleikvangur að Kjóavöllum í Garðabæ og Kópavogi.

4.1.1 Heilbrigðissamþykkt um hesthúsahverfi á Kjóavöllum í landi Kópavogs og Garðabæjar

Lögð fram tillaga að samþykkt um hesthúsahverfi á Kjóavöllum í landi Kópavogs og Garðabæjar. Tillagan hefur verið unnin í tengslum við vinnu að gerð deiliskipulags fyrir hverfið og er markmið hennar er að tryggja góða umgengni og fullnægjandi mengunarvarnir.

Heilbrigðisnefnd gerir tillögu til bæjarstjórnar Kópavogs og bæjarstjórnar Garðabæjar um að tillagan verði samþykkt sem heilbrigðissamþykkt samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4.1.2 Aðalskipulag Garðabæjar 2004 – 2016, tillaga að deiliskipulagi hesthúsahverfis og íþróttaleikvangs að Kjóavöllum og tillaga að breytingum aðalskipulags.

Lagt fram erindi skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 28. febrúar 2008 um tillögu að deiliskipulagi hesthúsahverfis og íþróttaleikvangs að Kjóavöllum og tillaga að breytingum aðalskipulags Garðabæjar 2004 – 2016.

Gögn sem fylgdu voru:

- Greinargerð deiliskipulags
- Deiliskipulagsuppdráttur 1:2000
- Skýringaruppdráttur 1:2000
- Breytingauppdráttur aðalskipulags vegna Kjóavalla, Grunnuvatna og Vífilsstaðavatns.
- Skýringarmynd við aðalskipulagsuppdrátt.

Eftirfarandi umsögn er gerð:

“Heilbrigðisnefnd hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar.

Í umsögn um tillögu að deiliskipulagi áréttar heilbrigðisnefnd nauðsyn þess að boðaðar mengunarvarnir nái bæði til eldri og nýrra hesthúsa vegna nálægðar við íbúðarbyggð. Heilbrigðisnefnd hefur samið tillögu að heilbrigðissamþykkt um hesthúsahverfi á Kjóavöllum í landi Kópavogs og Garðabæjar og er lagt til við bæjarstjórnir sveitarfélaganna að sú samþykkt verði samþykkt samhliða afgreiðslu deiliskipulagsins.”

4.2 Tengibraut, Urriðaholtsstræti í Garðabæ. Tilkynning um matsskyldu.

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 7. mars 2008, þar sem óskað er eftir álitum hvort lagning tengibrautarinnar Urriðaholtsstræti í Garðabæ skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Við mat á því skuli tekið tillit til 3. viðauka í lögum um umhverfismat nr. 106/2000.

Eftirfarandi umsögn er gerð:

“Heilbrigðisnefnd hefur tekið erindið til skoðunar og telur með hliðsjón af viðauka 3 við lög nr. 106/2000 ekki ástæðu til að ætla framkvæmdin þurfi að vera háð mati á umhverfisáhrifum”

4.3 Breikkun Reykjanesbrautar frá Standgötu að Krýsuvíkurvegi. Mat á Umhverfisáhrifum.

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar frá 21. febrúar 2008 þar sem óskað er umsagnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Með fyrirspurn fylgir skýrsla VGK Hönnunar frá 20. febrúar 2008 sem gerð var fyrir Vegagerðina og Hafnarfjarðarbæ. Skýrslan ber heitið; “Breikkun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð - Frá Strandgötu að Krýsuvíkurvegi.”

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd fagnar því að ljúka eigi við breikkun Reykjanesbrautar í gegnum Hafnarfjörð. Nefndin minnir á mikilvægi þess að hugað verði sem best að hljóðvistar- og öryggismálum í

nágrenni brautarinnar. Telur nefndin nauðsynlegt að tveir þættir fái betri skoðun en fram kemur í frummatsskýrslu.

Tenging frá Reykjanesbraut við Hvaleyrarholtið mun sýnilega stór auka umferð um Suðurbraut á Hvaleyrarholti sem er tengibraut og valda þar almennt auknu ónæði og umferðarhávaða. Þá mun tengingin valda auknum hávaða og slyshættu við Hvaleyrarskóla sem er grunnskóli hverfisins. Hvaleyrarskóli er staðsettur í jaðri íbúðabyggðarinnar og á lóð að Suðurbraut. Ákvörðun sem leiða mun til aukinnar umferðar eftir brautinni krefst sérstakra mótvægisáðgerða, þ.m.t. hljóðvarna. Þar sem tengingin er í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar bera bæjaryfirvöld ábyrgð á að skólanum verði tryggð góð hljóðvist og öryggi með viðeigandi mótvægisáðgerðum.

Niður frá Reykjanesbraut mun aukast með vaxandi umferðarpunga. Á næsta áratug er ætlað að hávaði í hluta húsnæðis skólans fari yfir viðmiðunarmörk. Slíkt er ekki ásættanlegt og krefst einnig sérstakra mótvægisáðgerða. Nefndin telur að frummatsskýrsla hafi átt að fjalla um fleiri leiðir til lausnar á því svæði og bendir þar sérstaklega á áhrif hljóðmanar sem staðsett yrði á milli akstursstefna.”

4.4 Vatnsendahlíð, Þing Veruleg breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024

Lagt fram erindi skipulagsstjóra Kópavogs dags. 26. mars 2008 þar sem óskað er umsagnar um fyrirhugaða breytingu á svæðisskipulagi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd hefur yfirfarið framlögð gögn og telur tillöguna vera í samræmi við fyrri samþykktir um breytingu á skipulagi vatnsverndar. Heilbrigðisnefnd telur að huga þurfi sérstaklega vel að mótvægisáðgerðum vegna ofanvatns svo áhrifa vegna breytinga á landnotkun komi ekki til með að gæta í grunnvatni eða í Elliðavatni.

Þar sem málefnum vegna rannsókna á vatnsverndarsvæðum hefur verið vísað til Samvinnunefndar um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu vekur heilbrigðisnefnd athygli á nauðsyn þess að rannsóknir vegna vatnsverndar þurfi að hefjast sem fyrst. Að mati nefndarinnar er brýnt að farið verði út í gerð nýs vatnafarskorts fyrir höfuðborgarsvæðið. Gerð vatnafarskorts krefst rannsókna til að styrkja stoðir þess og þær rannsóknir taka sinn tíma.”

4.5 Háuhnúkar við Vatnsskarð, Grindavíkurbæ

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar frá 19. mars 2008 þar sem óskað er umsagnar um matsáætlun vegna fyrirhugaðrar efnistöku úr Háuhnjúkum við Vatnsskarð í Grindavíkurbæ.

Eftirfarandi umsögn var gerð:

“Grunnvatnsstraumar undir vinnslusvæðinu í Vatnsskarði eru lítt þekktir. Þó er talið að rennsli þaðan sé annað hvort í átt til vatnsbóla í Kaldárbotnum eða til Straumsels sem er skilgreint framtíðarvatnsból Hafnarfjarðar. Nefndin telur að forsenda áframhaldandi rekstrar þessa efnisnámu sé að betri mynd fái af grunnvatnsrennsli þaðan og að hægt verði að framkvæma mengunarmælingar á því rennsli. Nefndin telur að landeiganda beri að tryggja að gengið verði frá vöktunarholu utan vinnslusvæðis í samvinnu við heilbrigðisnefnd og Vatnsveitu Hafnarfjarðar. Nefndin væntir þess að ákvörðun þessa efnis komi skýrt fram í matsskýrslu en að öðrum kosti verði það skilyrt í úrskurði Skipulagsstofnunar.”

5 Búseta í atvinnuhúsnæði

5.1 Dalshraun 13 Hafnarfirði

Lagt fram afrit af bréfi heilbrigðiseftirlitsins dags. 21. febrúar 2008 til Húsaleigu ehf. og tölvuskeyti fyrirtækisins frá 14. mars 2008.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd ítrekar fyrri kröfu um að fá umsókn um starfsleyfi. Umsókn um starfsleyfi þurfa að fylgja upplýsingum tegund starfseminnar, umfangi hennar og uppdráttur af núverandi innra skipulagi. Þar sem upplýsingar þessar liggja ekki fyrir er ekki hægt að taka afstöðu til óska fyrirtækisins um fresti og mun heilbrigðisnefnd taka afstöðu til þess hvort stöðva beri starfsemina berist ekki umbeðnar upplýsingar fyrir 18. apríl n.k.”

5.2 Skeiðarás 12, Garðabæ

Lögð fram afrit af bréfum heilbrigðiseftirlitsins til Ris ehf. frá 29. febrúar 2008 og 14. mars 2008 vegna búsetur í atvinnuhúsnæði.

Lagt fram afrit af tölvuskeyti frá Ris ehf. um að hætt verði búsetu í húsnæði fyrirtækisins að Skeiðarási 12, Garðabæ, fyrir 1. apríl n.k.

Heilbrigðisnefnd telur máli þessu þar með lokið.

6 Rekstur steypustöðvar að Bakkabraut 9, Kópavogi

6.1 Stjórnsýslukæra

Lagt fram erindi Úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir dags. 20. febrúar 2008 um stjórnsýslukæru vegna

1. ákvörðunar nefndarinnar þann 9. nóvember 2007 um að hafna viðurkenningu á kröfu Einingaverksmiðjunnar Borgar ehf. um viðurkenningu á því að nógildandi starfsemi þess þ.m.t. framleiðslu og sölu á steinsteypu á almennum markaði.
2. ákvörðun nefndarinnar þann 22. janúar 2008 um að hafna varakröfu Einingaverksmiðjunnar Borgar ehf. um að starfsleyfi verði breytt þ. a. það taki til allrar núverandi starfsemi fyrirtækisins þ.m.t. framleiðslu og sölu á steinsteypu á almennum markaði.

6.2 Stjórnsýslukæra og frestun á réttaráhrifum á ákvörðunar heilbrigðisnefndar

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir dag. 27. febrúar 2008 varðandi stjórnsýslukæru vegna Einingaverksmiðjunnar Borgar ehf. og kröfu um að kæran fresti réttaráhrifum ákvörðunar heilbrigðisnefndar.

6.3 Úrskurður vegna stjórnsýslukæru

Lagt fram erindi Úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir dags. 14. mars 2006 varðandi úrskurð þar sem fallist er á frestun réttaráhrifa ákvörðunar heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

6.4 Samkeppniseftirlitið

Lagt fram erindi Samkeppniseftirlitsins frá 13. mars 2008 þar sem óskað er eftir gögnum og upplýsingum vegna umfjöllunar í fjölmiðlum um veitingu starfsleyfis til handa Einingaverksmiðjunnar Borgar ehf.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að starfsleyfi fyrir steypustöð til framleiðslu á steinsteypu á almennum markaði hefur ekki verið veitt og aðstæður til veitingar fyrir slíku leyfi á hafnarsvæði Kópavogsbæjar eru ekki fyrir hendi enda hefur ekki verið sótt um heimildir til skipulags- og bygginganefnda Kópavogsbæjar.”

6.5 Athugasemdir vegna erindis heilbrigðiseftirlitsins dags. 22. febrúar 2008

Lagt fram erindi Lagastoðar dags. 7. mars 2008 með athugasemdum vegna eftirlitsskýrslu.

7 Óviðunandi losun á skólpi

Lögð fram erindi heilbrigðiseftirlitsins til eigenda húsnæðis að Miðhrauni 14, Garðabæ frá október 2007 og mars 2008, vegna ófullnægjandi frágangs á rotþró við húseignina að Miðhrauni 14 Garðabæ.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd telur að ekki séu gerðar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir mengun eða óhollustu þar sem skólp er leitt brott frá húseigninni Miðhraun 14 í Garðabæ. Núverandi frágangur er alvarlegt brot á ákvæðum reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Verði fullnægjandi úrbætur ekki framkvæmdar á fráveitu (rotþró) húseignarinnar og opinni gryfja á lóðarmörkum lokað innan 14 daga mun heilbrigðisnefnd taka til skoðunar að banna notkun núverandi fráveitukerfis hússins og láta loka umræddri gryfju.”

8 Samþykkt um fráveitu í Hafnarfirði

Lögð fram tillaga að samþykkt um fráveitu í Hafnarfirði. Tillaga að fráveitusamþykkt hefur verið undirbúin í samræmi við erindi Umhverfissráðuneytisins frá 24. október 2002. Drög að tillögunni voru til meðferðar á fundi framkvæmdaráðs þann 17. mars 2008.

Heilbrigðisnefnd gerir tillögu til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um að tillagan verði samþykkt sem heilbrigðissamþykkt samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9 Frumvarp til laga

Lagt fram erindi Umhverfisnefndar Alþingis dags. 13. mars 2008 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um efni og efnablöndur, 431. mál EES-reglur. Heilbrigðisnefnd telur ekki þörf á að gera athugasemdir við frumvarpið.

10 Stjórnsýslukæra vegna höfnunar undanþágu til að láta ungmenni selja tóbak

Lagt fram erindi Úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir dags. 25. febrúar 2008 vegna stjórnsýslukæru vegna höfnunar á að veita undanþágu skv. 7. mgr. 8. gr. tóbaksvarnalaga og greinargerð heilbrigðiseftirlitsins vegna málsins.

11 Mælingar á þungmálum og fleiri efnum í gróðri

11.1 Flúormælingar í nágrenni Straumsvíkur 2007

Kynnt skýrsla um mælingar á flúor, aðallega úr gróðursýnum, í nágrenni Straumsvíkur árið 2007.

Umræðu frestað til aukafundar sem boðaður er 7. apríl n.k

11.2 Þungmálmamælingar í nágrenni Straumsvíkur 2005

Kynnt skýrsla um mælingar á þungmálum o.fl. í mosa frá 2005.

Umræðu frestað til aukafundar sem boðaður er 7. apríl n.k.

12 Önnur mál

12.1 Starfsmannahald

Lagt fram erindi Rannveigar Einarsdóttur frá 29. febrúar 2008 þar sem hún segir starfi sínu lausu. Nefndi þakkar henni vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar í nýju starfi. Samþykkt að ráða Dröfn Friðriksdóttur í starf skrifstofustjóra heilbrigðiseftirlitsins frá 1. maí n.k. Samþykkt að framlengja um sex mánuði ráðningarsamning við Soffíu Völu Tryggvadóttur heilbrigðisfulltrúa.

12.2 Úrskurður um eftirlitgjöld vegna eftirlits með hundahaldi

Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar um hollustuhætti og mengunarvarnir í máli nr. 9/2007 um eftirlitgjöld vegna hundahalds.

Úrskurðarorð: Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um að fella ekki niður eftirlitgjöld vegna hundahalds kæranda er staðfest.

12.3 Söluturninn Bara ehf. Vegna umsóknar um vínveitingaleyfi

Lagt fram erindi Gunnars Schevings Thorsteinssonar f.h. Bara ehf. Þar sem mótmælt er afstöðu nefndarinnar til sölu áfengis í söluturnum og myndbandaleyfum.

12.4 Lögregluskýrsla vegna árásar hunds

Lagt fram erindi Helgu Leifsdóttur, hdl. dags. 1. apríl 2008 þar sem óskað er eftir tveggja vikna fresti áður en ákvörðun verður tekin í máli vegna hunds sem talinn er hættulegur.

Samþykkt að verða við erindinu enda greiði eigandi vistunarkostnað.

12.5 Innflutningur á drykknum “Red Bull”

Lagt fram erindi Félags íslenskra stórkaupmanna dags. 28. mars 2008 f.h. Ársels ehf. vegna innflutnings á drykknum Red Bull, ásamt afriti af erindi Matvælastofnunar frá 6. mars 2008 um merkingar á Red Bull.

Félagið telur að varan Red Bull sé lögleg og merkt á réttan hátt. Matvælastofnun lítur svo á að hámarksákvæði í reglugerð nr. 1316/2007 taki af allan vafa um að hámarksmagn koffíns í drykkjarvörum, þar sem einhver hluti af koffíninu er íblandað, sé 150 mg/l. Matvælastofnun telur enn fremur að merking sé villandi fyrir neytendur, fullyrðingar á umbúðum standist ekki reglur og tilkynning um vítamín íblöndun hafi ekki borist.

Mál þetta er til meðferðar hjá heilbrigðiseftirlitinu og verður tekið fyrir að nýju ef ástæða verður til.

12.6 Ársfundur Umhverfisstofnunar

Lagt fram boð Umhverfisstofnunar til ársfundar 4. apríl 2008

12.7 Dýralæknafélag Íslands, örmerkjagrunnur gæludýra

Lagt fram erindi Hafnarfjarðarbæjar frá 8. febrúar 2008 um fyrirkomulag framkvæmdar við örmerkjagrunn gæludýra.

Vísað til afgreiðslu heilbrigðiseftirlits.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:10

Birna Ólafsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Júlíus Kr. Björnsson

Halla Halldórsdóttir

Sigurgeir Ólafsson